

*Svalbarð* í Þistilfirði og *Sauðanes* til *Vopnafjarðar*; snýr þaðan aptur sömu leið eftir sólarhringsdvöl; þó biður hann Múlasýslupósts.

15

## 13. MÚLASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír:

- Hinn fyrsti fer frá *Höfða* í *Vallahreppi* undir eins og *Seyðisfjarðarpósturinn* er kominn þangað frá *Akureyri* um *Hrafnabjörg* til *Vopnafjarðar* og snýr aptur þaðan eftir sólarhringsdvöl sömu leið að *Höfða*.
- Annar fer frá *Höfða* að *Hjaltastað* í *Hjaltastaðapinghá* eptir komu *Akureyrarpóstsins* að *Höfða* og snýr aptur sömu leið eptir 6 tíma dvöl á *Hjaltastað*.
- Hinn þriðji fer frá *Eskifirði* þegar eptir komu póstsins þangað frá *Bjarnanesi*, um *Kolfreyjustað* að *Stöð* í *Stöðvarfirði*, og snýr aptur sömu leið eptir 6 tíma dvöl. Þessi póstur má stytta sér leið með sjövegsflutningi yfir *Reyðarfjörð* og *Fáskrúðsfjörð*, ef veður leyfir.

14. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá *Odda* að *Ljótarstöðum* daginn eptir komu austanpóstsins frá *Reykjavík* og snýr þegar aptur að *Odda*. Þegar póstattaskan kemur frá *Vestmannaeyjum* að *Ljótarstöðum*, skal henni komið svo snemma að *Odda*, að hún komist á austanpóstinn á leið hans til *Reykjavíkur*.

15. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði* svo fljótt sem unnt er, eptir komu austanpóstsins þangað frá *Reykjavík*.

- Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á *Skeiðum*.
- annar að *Búrfelli* í *Grímsnesi*, og snúa báðir þessir póstar þegar aptur að *Hraungerði*.
- Þriðji pósturinn fer ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur morguninn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 23. febr. 1889.  
Landshöfðinginn yfir Íslandi.  
*Magnus Stephensen.*

Hannes Hafstein.

## Reikningur

16

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1889.

	Tekjur.	Kr.	Kr.
I. Sjóður við árslok 1888:			
a, veðskuldabryf . . . . .		700,00	
b, innstæða í landsbankanum . . . . .		528,00	
c, í peningum hjá fjehirði . . . . .		2,50	
		1230,50	1230,50
II. Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:			
a, innlög á árinu . . . . .		18039,16	
b, vextir lagðir við höfuðstól . . . . .		280,70	
		18319,86	18319,86
III. Vextir af útlánum fyrir 1889 . . . . .			543,41
IV. Borgun fyrir viðskiptabækur . . . . .			57,00
V. Vextir, er bíða útborgunar . . . . .			172,57
VI. Innborgað innstæðufje . . . . .			10707,19
VII. Til jafnaðar móti gjaldlið IV. . . . .			29107,01
VIII. Vextir öðrum tilheyrandi, afhentir með vöxtum sjóðsins . . . . .			42,44
			60179,98

## Gjöld.

I. Vextir vaxtaeigenda árið 1889:			
a, ársvextir 4% af höfuðstól . . . . .		47,48	
b, dagvextir 3½% um árið . . . . .		405,79	
		453,27	453,27
II. Af vöxtum fyrir 1889 voru greiddar 1888 . . . . .			15,00
III. Ymisleg gjöld . . . . .			75,59
IV. Sett á vöxtu . . . . .			29107,01
V. Móti tekjulið VI. telst til útgjalda . . . . .			10707,19
VI. Sjóður við árslok 1889:			
a, veðskuldabryf . . . . .		14700,00	
b, skuldabryf prestakalls . . . . .		500,00	

16

e, í skuldabryf Reykjavíkur . . . . .	100,00	
d, innstæða í landsbankanum . . . . .	4411,86	
e, ógreiddir vextir fyrir part af árinu 1889 . . . . .	35,42	
f, í peningum hjá fjehirði . . . . .	75,64	19822,92
		<hr/>
		60179,98

Ath. Í sjóðnum við árslok er fólgin:

1. Innstæða vaxtaeigenda:		
a, í aðaldeild . . . . .	13,141,09	
b, - deild hinnar æfinlegu erfingjarentu . . . . .	629,10	
c, - útborgunardeild . . . . .	3836,51	
d, - bústofnsdeild . . . . .	1773,52	
e, - ellistyrksdeild . . . . .	126,58	19506,80
2. Vextir, er biða útborgunar . . . . .		172,57
3. Vextir öðrum tilheyrandi . . . . .		42,44
4. Varasjóður . . . . .		101,11
		<hr/>
		19822,92

Stjórn Söfnunarsjóðs Íslands í Reykjavík 14. febr. 1890.

*Eiríkur Briem. E. Th. Jónassen. Björn Jensson.*

17

### Auglýsing

um póstmál.

Með byrjun 5. ferðar landpóstanna þetta ár komast á nýbreytingar þær, er hjer skulu greindar:

1. Aukapóstferðin til Keflavíkur verður lengd út í Garð, og brjefhirðing sett á Útskálum.
2. Aukapóstferðin frá Hraungerði að Arnarbæli verður lengd að Búrfelli, og þar sett brjefhirðing.
3. Brjefhirðing verður aptur sett á Mýrum á Álptaveri.
4. Aukapóstferð verður stofnuð frá Höfða að Hjaltastað í Hjaltastadapinghá og þar sett brjefhirðing.
5. Póstafgreiðslunni á Akureyri verður veitt heimild til eptir samkomulagi við amt-manninn í norður- og austuramtinu að senda með brjef og póstsendingar fram í Eyjafjörð, þegar nauðsyn ber til.
6. Aukapóstferð verður stofnuð frá Viðimýri fram í Lýtingsstaðahrepp og þar sett brjefhirðing.
7. Á Lóni við Hjeradsvötnin í Skagafjardarsýslu verður sett ný brjefhirðing.
8. Á Eyri í Gufudalshrepp í Bardastrandarsýslu verður stofnuð ný brjefhirðing.
9. Póstafgreiðslunni á Bæ í Króksfirði verður veitt heimild til að senda með brjef og póstsendingar að Stað á Reykjanesi þegar þörf gjörist.
10. Aukapóstferðin frá Ísafirði til Hesteyrar í Jökulfjörðum verður, þegar nægur tími er til, lengd að Stað í Aðalvík.
11. Aukapóstferð verður stofnuð frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd út á Akranes að Skipa-skaga og þar sett ný brjefhirðing.

Þetta kunngjörst hjer með almenningi.

Reykjavík, 22. febr. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

*Magnús Stephensen.*

---

Hannes Hafstein.

### EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

30. jan. veitti landshöfðingi prestri að Glaumbæ, þræp. hon. sjera Jóni Hallssyni lausn frá prestsembætti frá næstu fardögum að telja, með eptirlaunum.

24. febr. setti landshöfðingi lækna-kólakandidat Björn Ólafsson til þess upp á eigin ábyrgð að gegna hjeradslæknisstörfum í Rangárvallasýslu (18. læknishjeraði), meðan embætti þetta er óveitt.

### ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Glaumbær í Skagafjarðar-prófastsdæmi. Metið 1659 kr. Auglýst 7. febr. 1890. Uppgjafaprestur er í brauðinu, sem nýtur eptirlauna samkvæmt 6. og 8. gr, laga 27. febr. 1880 um eptirlaun presta.

Mosfell í Kjalarnesprófastsdæmi. Metið 1273 kr. 67 a. Auglýst 13. febr. 1890.